

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugavatn

Umhverfisstofnun
Áb.
16. jan. 2012
10.4.3
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. janúar 2012
Tilvísun: UST20111100258/esó

Efni: Óveruleg breyting á deiliskipulagi bílastæða og söluskála við Gullfoss - Grenndarkynning

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps sem barst 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi bílastæða og söluskála við Gullfoss.

Breyting á deiliskipulagi gerir ráð fyrir að byggingareitur stækki lítillega í átt að bílastæði auk þess sem bílastæði stækka.

Friðlýst svæði

Deiliskipulagssvæðið er í nágrenni við friðlandið við Gullfoss og eru mörk hins friðlýsta svæðis þessi: Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir: Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvítárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Bratholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Bratholtsgili og þaðan gilið í Hvítá. Deiliskipulagssvæðið er í nágrenni við friðlandið við Gullfoss. Að austan ræður Hvítá en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins

Lög um náttúruvernd

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í lögum um náttúruvernd, V. kafla sem fjallar um landslagsvernd er kveðið á um í 35. gr. „að við hönnun vega, virkjana, og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands“.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að öllu raski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar og að frágangur verði góður við lok verksins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir á söluskála og bílastæðum við Gullfoss.

Virðingarfyllst

Elín Sigríður Óladóttir
Elín Sigríður Óladóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir